

# Hönnun og nýsköpun 1.bekkur 2023 - 2024

Kennarar: Samuel Paul van der Heijden

| 1

## Lýsing

Í hönnun og nýsköpun er lagt upp með að nemendur geti greint ýmsar þarfir í umhverfi sínu og komið fram með hugmyndir hvernig hægt sé að vinna eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nám og viðfangsefni er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Gert er ráð fyrir að nemandi útfæri sjálfur sína eigin hugmynd og smíði.

Í hönnun og nýsköpun er lagt upp með að nemendur geti greint ýmsar þarfir í umhverfi sínu og komið fram með hugmyndir hvernig hægt sé að vinna eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

## Grunnþættir menntunar

**Heilbrigði og velferð:** Reynt er að stuðla að vinnuleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

**Læsi:** Nemandinn læri og þjálfist í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir greininni.

**Jafnrétti:** Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og umburðarlyndi.

**Lýðræði og mannréttindi:** Nemandinn fær þjálfun í að útfæra sín verkefni.

**Sjálfbærni:** Nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta allan efnivið sem best.

**Sköpun:** Nemandinn fái tækifæri til að skapa og útfæra sitt verkefni.

## Námsmat

Alla lotuna er símat – í lok lotu er nemandinn metinn samkvæmt hæfniviðmiði námskrár og fær hann lokamat í hæfnitáknum.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti nemandans við kennara og samnemendur eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemandinn ber ábyrgð á eigin framkomu og hegðun, að hann mæti á réttum tíma í lotuna, fylgist vel með innlögnum og nýti tímann sinn vel til vinnu. Nemandinn vinnur að mestu leyti sjálfstætt en reyni að hjálpa samnemendum sínum ef því er að skipta. Hlutverk kennarans er aðstoða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, leggi áherslu á góð vinnubrögð, góða umgengni og jákvæð samskipti.

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Hönnun og tækni

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Umhverfi

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum.

Sel - hönnun og nýsköpun 1. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Nýtt tímann vel.